

Persónuverndarstefna Suðurnesjabæjar

1. Tilgangur og gildissvið.

Suðurnesjabær, kt. 550518–1200, hefur vernd persónuupplýsinga að leiðarljósi í allri starfsemi sinni og einsetur sér í því skyni að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi persónuupplýsinga sem sveitarfélagið, þ.á.m. stofnanir þess og nefndir, vinnur með. Sveitarfélagið leitast við að uppfylla í hvívetna þá persónuverndarlöggjöf sem er í gildi hverju sinni og er stefna þessi byggð á gildandi persónuverndarlögum, nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

2. Hvað eru persónuupplýsingar?

Með persónuupplýsingum er átt við hvers kyns upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings. Dæmi um persónuupplýsingar eru nafn, kennitala, heimilisfang og netauðkenni. Suðurnesjabær vinnur í tilteknum tilvikum með viðkvæmar persónuupplýsingar, til dæmis við veitingu félagsþjónustu, í barnaverndarstarfi, skólasterfi eða vegna starfsmannamála. Með viðkvæmum persónuupplýsingum er m.a. átt við upplýsingar um heilsufar, aðild að stéttarfélagi, kynþátt, kynhneigð og trúarbrögð, og er lögð áhersla á aðgæta fyllstu varkárni í meðferð þeirra.

3. Vinnsla persónuupplýsinga.

Undir hugtakið vinnsla fellur öll notkun og meðferð persónuupplýsinga, svo sem söfnun, skráning, varðveisla og eyðing.

Suðurnesjabær vinnur einungis með þær persónuupplýsingar sem teljast nauðsynlegar og viðeigandi með hliðsjón að vinnslunni hverju sinni.

Gætt er að því að persónuupplýsingar séu ekki unnar frekar á þann hátt að vinnslan sé ósamrýmanleg hinum upprunalega tilgangi vinnslunnar.

Persónuupplýsingar sem skrást hjá Suðurnesjabæ eru m.a. upplýsingar um íbúa og aðra skjólstæðinga Suðurnesjabæjar, starfsfólk, viðskiptavinum, birgja, verktaka og lögaðila sem sveitarfélagið er í samningssambandi við. Í sumum tilvikum berast persónuupplýsingar frá þriðja aðila, s.s. heilbrigðisstofnunum og þjóðskrá.

Til þess að tryggja að unnið sé með persónuupplýsingar í samræmi við meginreglur persónuverndarlaga veitir Suðurnesjabær starfsfólki sínu fræðslu og þjálfun í því hvernig skuli umgangast slíkar upplýsingar.



4. Varðveisla gagna.

Þar sem Suðurnesjabær er afhendingarskyldur aðili á grundvelli laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn er sveitarfélaginu óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna, nema með heimild þjóðskjalavarðar. Suðurnesjabæ er jafnframt skylt að afhenda Þjóðskjalasafni Íslands afhendingarskyld skjöl er þau hafa náð 30 ára aldri. Í lögunum er skjal skilgreint sem hvers konar gögn, jafnt rituð sem í öðru formi, er hafa að geyma upplýsingar og hafa orðið til, borist eða verið viðhaldið við starfsemi á vegum stofnunar eða einstaklings.

5. Hvernig er öryggi persónuupplýsinga tryggt?

Suðurnesjabær leggur áherslu á að tryggja öryggi persónuupplýsinga með tæknilegum og skipulagslegum ráðstöfunum. Þessum ráðstöfunum er ætlað að tryggja og vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glatist, breytist, verði afritaðar, notaðar eða miðlað með ólögmeðum hætti.

Sveitarfélagið stuðlar að virkri öryggisvitund starfsmanna með viðeigandi fræðslu og þjálfun varðandi öryggi við vinnslu persónuupplýsinga.

6. Miðlun persónuupplýsinga til þriðja aðila.

Sveitarfélagið miðlar persónuupplýsingum til þriðja aðila í ákveðnum tilvikum, svo sem vegna lagaskyldu sem getur hvílt á sveitarfélaginu eða vegna þess að upplýsingatæknifyrirtæki eða aðrir vinnsluaðilar þjónusta sveitarfélagið og öðlast af þeim sökum aðgang að persónuupplýsingum. Einnig getur einstaklingur samþykkt að persónuupplýsingar um hann sé miðlað frá sveitarfélaginu til þriðja aðila.

Suðurnesjabær gerir vinnslusamninga við þá aðila sem koma að vinnslu persónuupplýsinga í þeim tilgangi að tryggja öryggi þeirra upplýsinga sem þeir vinna með fyrir hönd sveitarfélagsins. Þá mun sveitarfélagið ekki miðla persónuupplýsingum utan Evrópska efnahagssvæðisins nema slíkt sé heimilt á grundvelli viðeigandi persónuverndarlöggjafar.

7. Réttindi einstaklinga.

Einstaklingar eiga rétt á því að vita hvort og þá hvaða persónuupplýsingar sveitarfélagið vinnur um þá og geta eftir atvikum óskað eftir afriti af upplýsingunum. Þá geta einstaklingar fengið rangar persónuupplýsingar um sig leiðréttar og í einstaka tilvikum að þeim sé eytt. Einstaklingar geta í ákveðnum tilvikum mótmælt vinnslu persónuupplýsinga og óskað eftir því að vinnsla þeirra verði takmörkuð. Einstaklingur getur jafnframt, í ákveðnum tilvikum, óskað eftir því að flytja upplýsingar um sig til þriðja aðila, t.d. til annars sveitarfélags.

Í þeim tilvikum er vinnsla sveitarfélagsins byggir á samþykki getur sá sem samþykkið veitti afturkallað það.

Suðurnesjabær reynir eftir fremsta megni að bregðast við beiðni einstaklings innan mánaðar frá viðtöku hennar. Sé um að ræða umfangsmikla eða flókna beiðni mun sveitarfélagið upplýsa um slíkar tafir og leitast við að svara í síðasta lagi innan þriggja mánaða frá viðtöku á beiðni.



8. Ábyrgðaraðili.

Ábyrgðaraðili er sá sem ákvarðar tilgang og aðferð við vinnslu persónuupplýsinga hverju sinni. Því getur verið mismunandi innan Suðurnesjabæjar hver ber ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga í hverju tilviki fyrir sig. Sveitarfélagið sjálft, einstök svið innan þess eða undirstofnanir geta borið ábyrgð eftir því sem við á.

9. Persónuverndarfulltrúi.

Persónuverndarfulltrúi sveitarfélagsins er Hrefna Gunnarsdóttir sem hefur umsjón með eftirfylgni persónuverndarstefnu þessari og framfylgni við persónuverndarlög.

Hægt er að hafa samband við persónuverndarfulltrúa Suðurnesjabæjar með því að senda tölvupóst á netfangið personuvernd@sudurnesjabaer.is.

10. Endurskoðun stefnu.

Suðurnesjabæ er heimilt að breyta stefnu þessari án fyrirvara, í samræmi við breytingar vinnslu persónuupplýsinga, á gildandi lögum og reglugerðum.

Allar breytingar verða birtar á heimasíðu Suðurnesjabæjar og taka gildi frá birtingu þeirra.

Gildistaka.

Persónuverndarstefna Suðurnesjabæjar var samþykkt í bæjarráði 27. febrúar 2019 og öðlast gildi við birtingu hennar.

